

## REGLUGERÐ

### um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1999.

#### 1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða uppbót sem hér segir á árinu 1999:

- a) Í júlí 1999 skal greiða 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 1999 skal greiða 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. júní 1999.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Jón Sæmundur Sigurjónsson.*

10. júní 1999

Nr. 426

## REGLUGERÐ

### um vinnu barna og unglinga.

#### I. KAFLI

#### Hugtök og gildissvið.

##### 1. gr.

*Hugtök.*

Reglugerð þessi tekur til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri.

*Ungmenni* merkir í reglugerð þessari einstakling undir 18 ára aldri.

*Barn* merkir í reglugerð þessari einstakling undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi.

*Unglingur* merkir í reglugerð þessari einstakling sem hefur náð 15 ára aldri en er undir 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.

##### 2. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerðin tekur ekki til heimilisaðstoðar á einkaheimili atvinnurekanda eða vinnu í fjölskyldufyrirtækjum, enda sé vinnan tilfallandi eða vari í skamman tíma og ekki skaðleg eða hættuleg ungmenninu.

Fjölskyldufyrirtæki telst í þessu tilviki vera fyrirtæki sem er í eigu einstaklinga eða einstaklings sem er skyldur eða mægður ungmenni í beinan legg eða annan legg til hliðar eða tengdur því með sama hætti vegna ættleiðingar.

##### 3. gr.

*Lágmarksákvæði.*

Strangari ákvæði í öðrum lögum, reglum eða reglugerðum um vinnu ungmenna ganga framfar ákvæðum þessarar reglugerðar svo sem hærrí aldursmörk vegna ákveðinnar tegundar vinnu.

## II. KAFLI

**Almenn ákvæði um vinnu allra ungmenna undir 18 ára aldri.**

## 4. gr.

*Almennt ákvæði.*

Við öll störf ungmenna undir 18 ára aldri skal við val og skipulagningu á vinnu leggja áherslu á að öryggi og andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hætta búin og að vinna hafi ekki truflandi áhrif á menntun þeirra eða þroska.

## 5. gr.

*Áhættumat.*

Atvinnurekandi skal sjá um að gripið sé til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði 4. gr. á grundvelli mats á þeirri áhættu sem starf getur skapað ungmönnum.

Þetta mat skal fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum en við það skulu eftirtalin atriði einkum skoðuð:

- a) innréttingar og búnaður vinnustaðar og verkstöðvar;
- b) eðli og umfang eðlis-, efna- og líffræðilegra skaðvalda og hve langvarandi þeir eru;
- c) lögun, stærð og notkun búnaðar sem tengist starfinu, má þar nefna skaðvalda ýmis konar, vélar, tæki og áhöld og hvernig þau eru meðhöndluð;
- d) skipulag vinnuferla, vinnutilhögunar og vinnuskipulags og samspilið milli þeirra;
- e) hvernig ungmenni eru þjálfuð og búin undir starfið.

Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmenna þeim að kostnaðarlausu. Við mat á áhættu skal sérstaklega taka tillit til hættunnar sem stafar af ungum aldri, skorts á reynslu og meðvitund um hættur starfsins ásamt því að ungmennin eru ekki fullþroska. Við mat á varúðarráðstöfunum skal jafnframt taka tillit til líkamlegra, lífrænna, efnafræðilegra og sálrænna áhrifa sem ungmenni geta orðið fyrir til lengri eða skemmri tíma vegna vinnunnar.

Atvinnurekanda er heimilt að leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um öryggi vinnustaðarins.

## 6. gr.

*Leiðbeiningar og kennsla.*

Atvinnurekandi skal tryggja að ungmenni fá fullnægjandi kennslu og leiðbeiningar þannig að tryggt sé að vinnan sé ekki hættuleg öryggi eða heilsu þeirra. Atvinnurekandi skal kynna ungmönnum þær ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði.

Vinnan skal fara fram undir viðeigandi eftirliti af einstaklingi sem orðinn er 18 ára og hefur nægilega innsýn í eðli vinnunnar.

Atvinnurekanda ber að kynna foreldrum barna eða forráðamönnum hugsanlega áhættu og allar ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði.

Um leiðbeinendur á vegum vinnuskóla sveitarfélaga gildir einnig ákvæði 5. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar.

## 7. gr.

*Skipulag öryggismála.*

Atvinnurekandi skal kynna starfsmönnum sínum, sem starfa með ungmönnum, og þeim, sem annast öryggismál fyrirtækisins, þær kröfur sem gerðar eru til vinnu ungmenna og tryggja að þeim sé fylgt og að tekið sé tillit til þeirra við framkvæmd, skipulagningu og eftirlit með vinnu ungmenna.

## III. KAFLI

**Vinna sem óheimil er ungmennum undir 18 ára aldri.**

8. gr.

*Almennt ákvæði.*

Ungmenni undir 18 ára aldri má ekki ráða til þeirra starfa sem nefnd eru í 10.-14. gr. nema annað sé sérstaklega tekið fram.

9. gr.

*Starfsnám.*

Störf ungmenna 15 ára og eldri sem eru nauðsynlegur hluti af iðn- eða starfsnámi á grundvelli laga eru undanþegin banni 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og 14. gr. enda sé slíkt nauðsynlegt til að ljúka námi.

Í starfsnámi skal vinnan fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings og skal kosta kapps um að vernda nemendur gegn slyshættu og gæta ýtrasta öryggis við framkvæmd vinnu og kennslutilhögunar.

Sama gildir um vinnu að loknu slíku námi sem tilheyrir viðkomandi starfi.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um framkvæmdir, þar sem hætta er á sprengingum, eða vinnu sem hefur í för með sér meðhöndlun, framleiðslu, geymslu eða notkun á gasi þar sem lofttegundir eru samanþjappaðar, fljótandi undir þrýstingi eða undir þrýstingi uppleystar í vökva. Sama gildir um vinnu við háan loftþrýsting og vinnu sem getur haft í för með sér hættu á köfnun í súrefnislitlu rými.

10. gr.

*Hættuleg tæki og verkefni.*

Ungmenni má ekki ráða til starfa, þar sem unnið er með tæki, eða að verkefnum, sem talin eru upp í viðauka 1 A, eða stunda vinnu sem hefur samsvarandi hættu í för með sér.

Hafi ungmenni náð 16 ára aldri mega þau þó starfa með tæknilegan hjálparbúnað sem talinn er upp í viðauka 1 B.

Í fjölskyldufyrirtækjum, þ.m.t. við landbúnað, mega ungmenni sem náð hafa 15 ára aldri vinna við þau störf sem talin eru upp í viðauka 1C, enda sé þeim veitt ítarleg fræðsla og leiðbeiningar og þau höfð undir eftirliti. Ungmenni, sem vinna við sveitastörf í fjölskyldufyrirtækjum, skulu hafa fengið fræðslu og leiðbeiningar um dráttarvélar áður en vinna er hafin með slík tæki utan vega.

11. gr.

*Hættuleg efni.*

Ungmenni mega ekki vinna með eða vera í hættu af þeim efnum sem talin eru upp í viðauka 2.

12. gr.

*Líkamsáreynsla.*

Ungmenni mega ekki handleika þungar byrðar sem til lengri eða skemmri tíma litið geta skaðað heilbrigði þeirra og þroska. Forðast skal ónauðsynlega líkamsáreynslu ungmenna við störf, svo og rangar vinnustellningar eða hreyfingar, sbr. viðauka 3, liði 1 a og b.

13. gr.

*Önnur sérstök hætta.*

Ekki má ráða ungmenni til vinnu þar sem líkamlegum eða andlegum þroska þeirra er

sérstök hættu búin nema þau starfi með fullorðnum eða þeim sem náð hefur 18 ára aldri. Þetta á sérstaklega við um störf í söluturnum, myndbandaleigum, skyndibitastöðum, bensinstöðvum og á sambærilegum stöðum. Við áhættumat skv. 5. gr. reglugerðar þessarar á vinnuaðstæðum skv. þessari málsgrein skal einkum leggja mat á hvort vinnustaðurinn er öruggur með vísan til legu hans, innréttinga og öryggisráðstafana sem gerðar eru.

Um vinnu unglinga á slíkum stöðum við kvöld- og næturvinnu gildir 4. mgr. 19. gr.

14. gr.

*Almennt ákvæði.*

Ungmenni mega ekki starfa við vinnuaðstæður, sem tilgreindar eru í viðauka 3, eða við samsvarandi aðstæður sem fela í sér hættu fyrir heilbrigði þeirra og öryggi.

#### IV. KAFLI

#### Vinnutími unglinga.

15. gr.

*Hugtakið vinnutími.*

Með vinnutíma í reglugerð þessari er átt við virkan vinnutíma, þ.e. þann tíma er ungmenni er við störf, eða er atvinnurekanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við lög og/eða kjarasamninga.

Neysluhlé og sérstakir frídagar teljast ekki til vinnutíma. Sama gildir um ferðir til og frá vinnustað eða reglubundinni starfsstöð og launaða biðtíma eða vinnuhlé þar sem ekki er krafist vinnuframlags.

Árlegt launað lágmarksorlof skv. lögum og veikindaforföll skulu teljast til vinnutíma og vera hlutlaus við meðaltalsútreikninga.

Tími í starfsnámi telst til vinnutíma.

16. gr.

*Daglegur vinnutími.*

Vinnutími unglinga má ekki fara yfir 8 klst. á dag og 40 klst. á viku. Þegar daglegur vinnutími er að jafnaði 8 klst. skal hann vera samfelldur ef kostur er.

Í sérstökum tilvikum má vinnutími unglinga fara yfir 8 klst. á dag og 40 klst. á viku, enda sé gætt ákvæða 19., 21. og 22. gr. um vinnutíma, hvíldartíma og frítíma. Þetta gildir aðeins þegar brýna nauðsyn ber til vegna eðlis starfseminnar, svo sem ef bjarga þarf verðmætum í landbúnaði og fiskvinnslu.

Unglingar mega þó aldrei vinna lengur en 60 stundir á viku og 48 stundir á viku að meðaltali yfir 4 mánuði.

17. gr.

*Samlagning vinnutíma.*

Þegar vinna unglinga er liður í verklegu eða fræðilegu námi telst sá tími, sem fer í kennslu, til daglegs og vikulegs vinnutíma, sbr. 16. gr.

Ef unglingur vinnur fyrir fleiri en einn atvinnurekanda skal leggja vinnutímamann saman.

18. gr.

*Hlé.*

Ef daglegur vinnutími er lengri en 4 klukkustundir á unglingur rétt á minnst 30 mínútna hléi á hverjum degi sem skal vera samfelld ef kostur er.

## 19. gr.

*Kvöld- og næturvinna.*

Unglingar mega ekki vinna frá kl. 22 til kl. 6 nema annað sé sérstaklega tekið fram, þó aldrei milli kl. 24 og kl. 4.

Á sjúkrastofnunum eða á sambærilegum stofnunum mega unglingar vinna án takmörkunar á tímabilinu 24 til 4 enda sé gætt ákvæða 21. og 22. gr.

Í bakaríi má vinna frá kl. 4.

Í söluturnum og söluskálum, á skyndibitastöðum, myndbandaleigum, bensínstöðvum og sambærilegum stöðum mega unglingar vinna til kl. 24 að kvöldi. Við vinnu á grundvelli undanþágu þessarar skal sérstaklega gæta að ákvæði 13. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum og við sambærilega starfsemi mega unglingar aðstoða við sýningar til kl. 24.

Á veitingastöðum, hótelum og við svipaða starfsemi mega unglingar vinna til kl. 24.

## 20. gr.

*Heilbrigðisskoðun.*

Unglingar eiga rétt á heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni sinni sér að kostnaðarlausu áður en þeir hefja næturvinnu og síðan með reglulegu millibili eftir það, nema þeir vinni næturvinnu einungis í undantekningartilvikum. Framkvæmd slíkrar skoðunar er á ábyrgð viðkomandi atvinnurekanda.

Næturvinnutími telst vera frá kl. 22 til kl. 6.

## 21. gr.

*Hvíldartími á sólarhring.*

Unglingar skulu fá minnst 12 klst. samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. um samfellda hvíld þegar um er að ræða vinnu unglinga sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni.

Þegar um er að ræða vinnu unglinga á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum, störf við landbúnað, ferðamál eða við hótél- og veitingarekstur og vinnu, sem er skipt upp yfir daginn, er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái samsvarandi uppbótarhvíld.

Séu heimildir skv. 2. og 3. mgr. nýttar skal unglingur fá samsvarandi uppbótarhvíld. Samfelld hvíld skal þó aldrei fara niður fyrir 10 klst. á sólarhring.

## 22. gr.

*Vikulegur hvíldartími.*

Á hverju sjö daga tímabili skulu unglingar fá minnst tveggja daga hvíld sem skal vera samfelld ef kostur er. Lágmarkshvíldartími þessi skal að jafnaði taka til sunnudags.

Heimilt er að stytta lágmarkshvíldartímann á grundvelli réttlætlanlegra tæknilegra eða skipulagslegra ástæðna en hann má aldrei í slíkum tilvikum vera styttri en 36 samfelldar stundir.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar um er að ræða vinnu unglinga sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni.

Þegar um er að ræða vinnu unglinga á sjúkrastofnunum eða á sambærilegum stofnunum, störf við landbúnað, ferðamál eða við hótél- og veitingarekstur og vinnu sem er skipt upp yfir daginn, er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái samsvarandi uppbótarhvíld.

Ef fráviksheimildir þessar eru nýttar skal unglingur fá frídag síðar og í síðasta lagi þannig að hann fái tvo samfellda frídaga á hverjum 14 dögum.

Unglingar skulu þó ávallt fá einn vikulegan frídag.

## 23. gr.

*Óviðráðanleg ytri atvik.*

Í óviðráðanlegum tilvikum (force majeure) við óhöpp eða bilanir í vélum eða aðrar aðstæður, sem atvinnurekandi fær ekki ráðið við, er heimilt að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga enda sé um að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið og ekki sé unnt að fá fullorðna til starfans. Í tilvikum sem þessum skulu unglingarnir fá samsvarandi uppbótartíma á næstu þremur vikum.

Skrá skal frávik í eftirlitsbók eða á annan fullnægjandi hátt. Við skráningu skal tiltaka tilefni og tímalengd fráviks.

## V. KAFLI

**Ráðning barna á aldrinum 13-15 ára eða þeirra sem eru í skyldunámi.**

## 24. gr.

*Almennt.*

Börn má ekki ráða í vinnu nema annað sé sérstaklega tekið fram, sbr. 25. og 26. gr.

## 25. gr.

*Hættulaus störf af léttara tagi.*

Börn sem eru á aldrinum 13-14 ára eða sem eru í skyldunámi mega aðeins vinna við þá vinnu sem fellur undir skilgreininguna „starf af léttara tagi“ og talin eru upp í viðauka 4.

Forsenda fyrir því er að slík vinna ógni ekki öryggi barna og heilbrigði. Börn mega hvorki vinna við eða í nálægð við vélar eða hættuleg efni né lyfta þungum byrðum.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt leyfi fyrir vinnu barna við störf af léttara tagi, sem ekki eru tilgreind í viðauka 4 og 5A, enda sé um að ræða sambærileg störf.

## VI. KAFLI

**Störf ungmenna 13 ára og eldri í vinnuskólum sveitarfélaga.**

## 26. gr.

Heimilt er að ráða ungmenni 13 ára eða eldri til léttra starfa á sumarleyfistíma skóla þegar vinnan er hluti af fræðilegu og verklegu námi. Slík vinna takmarkast við störf sem fram koma í viðauka 4.

Hafi ungmenni náð 15 ára aldri má hann starfa að þeim verkefnum sem talin eru upp í viðauka 5 A eða við sambærileg störf.

Hafi ungmenni náð 16 ára aldri má það starfa að þeim verkefnum sem nefnd eru í viðauka 5 B eða við sambærileg störf. Áður en starf hefst skal gæta ákvæða 4. og 5. gr.

Atvinnurekandi skal við ráðningu barna, sem eru undir 15 ára aldri eða þeirra sem eru í skyldunámi, kynna foreldrum eða lögráðamanni ráðningarkjör þar með talið lengd vinnutíma sem og tíðni óhappa og slysa, sem hugsanlega tengjast starfinu, og þær ráðstafanir, sem gerðar eru til að auka öryggi og heilbrigði barna við störf, svo og áhættumat skv. 5. og 6. gr.

Leiðbeinendur í vinnuskólum sveitarfélaga skulu hafa fengið sérstakan undirbúning og fræðslu um hlutverk sitt varðandi atriði eins og öryggismál, skyndihjálp og líkamsbeitingu.

Þess skal vandlega gætt að nákvæmlega sé farið eftir fyrir mælum um notkun hlífa til öryggis og verndar.

## VII. KAFLI

**Vinnutími 13-15 ára barna eða þeirra sem eru í skyldunámi.**

## 27. gr.

*Vinnutími barna.*

Vinnutími barna á aldrinum 13-15 ára eða þeirra, sem eru í skyldunámi, má vera tvær klst. á skóladegi og 12 klst. á viku þegar um er ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma.

Vinnutími barna á aldrinum 13-14 ára má vera 7 klst. á dag og 35 klst. á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á tíma þegar skólinn starfar ekki. Daglegur vinnutími 15 ára barna má þó vera 8 klst. og 40 tímar á viku.

Vinnutími barna á aldrinum 13-14 ára, sem lokið hafa skyldunámi, við störf af léttara tagi má vera 7 klst. á dag og 35 klst. á viku.

## 28. gr.

*Vinnutími barna í verknámi.*

Börn, 14 ára og eldri, sem uppfylla hluta af skólaskyldu með fræðilegu eða verklegu námi með því að taka þátt í starfsnámi, mega vinna allt að 8 klst. á dag og 40 klst. á viku.

## 29. gr.

Ákvæði 17. og 18. gr. gilda samsvarandi fyrir börn á aldrinum 13-15 ára.

## 30. gr.

*Bannákvæði.*

Börn mega ekki vinna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6.

## 31. gr.

*Hvíldar- og frítími.*

Börn skulu fá minnst 14 klst. samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar um er að ræða vinnu barna sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni, enda komi til samsvarandi uppbótarhvíld. Samfelld hvíld skal þó aldrei fara niður fyrir 11 klst. á sólarhring.

## 32. gr.

*Vikuleg hvíld.*

Á hverju sjö daga tímabili skulu börn fá minnst tveggja daga hvíld sem skal vera samfelld ef kostur er. Lágmarkshvíldartími þessi skal að jafnaði taka til sunnudags.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. um hvíld þegar um er að ræða vinnu barna sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni. Börn skulu þó ávallt fá einn vikulegan frídag.

## VIII. KAFLI

**Vinna barna og unglunga við menningar-, íþrótt- og auglýsingastarfsemi.**

## 33. gr.

*Vinna unglunga.*

Um vinnu unglunga á sviði menningarmála, lista, íþrótt- eða auglýsinga gilda almennar reglur IX. kafla laga nr. 46/1980 um vinnutíma, hvíldartíma og frítíma. Unglingum við slík störf er heimilt að vinna kvöld- og næturvinnu án takmarkana við ákveðna tíma sólarhringsins.

Að jafnaði skal haga vinnutíma og vinnuálagi þannig að skólaganga unglinga raskist ekki og slíkt ógni ekki heilbrigði eða öryggi þeirra. Jafnframt skal taka sérstakt tillit til aldurs og þroska þeirra.

## 34. gr.

*Vinna barna.*

Börn, þ. á m. börn undir 13 ára aldri, er heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi. Afla skal leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur vegna vinnu barna yngri en 13 ára.

Börn eldri en 13 ára er heimilt að ráða til að taka þátt í starfsemi skv. 1. mgr. án sérstaks leyfis.

Afla skal leyfis Vinnueftirlits ríkisins þegar vikið er frá ákvæðum reglugerðar þessarar um vinnutíma, hvíldartíma og frítíma við vinnu barna skv. 2. mgr. Í umsókn um leyfi skal geta um daglegan vinnutíma, næturvinnu, hvíldartíma og heildarvinnutíma á viku. Leyfi má gefa tímabundið til tilgreindra verkefna.

Að jafnaði skal haga vinnutíma og vinnuálagi þannig að skólaganga barna yngri en 13 ára raskist ekki og slíkt ógni ekki heilbrigði eða öryggi þeirra. Jafnframt skal taka sérstakt tillit til aldurs og þroska þeirra.

## IX. KAFLI

**Kærur, refsingar og gildistaka.**

## 35. gr.

*Áfrýjun ákvarðana.*

Ákvörðunum Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þessarar reglugerðar má skjóta til stjórnar þess skv. 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## 36. gr.

*Refsingar.*

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, sbr. 99. gr. laga nr. 46/1980, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

## 37. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett af félagsmálaráðherra að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 63. gr. f. laga nr. 46/1980 eins og þeim var breytt með 12. gr. laga nr. 52/1997, um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sbr. tilskipun nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna í XVIII. viðauka. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1999.

*Bráðabirgðaákvæði.*

Ákvæði 4. viðauka reglugerðar þessarar skulu endurskoðuð innan þriggja ára frá birtingu hennar, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytinu, 10. júní 1999.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

---

*Guðjón Bragason.*

## VIÐAUKI 1A

**Listi yfir tæki og verkefni sem ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna við eða með. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.**

- 1) **Vél-, loft- eða vökvaknúin tæki.**
  - a) Hraðgengar vélar með beittum hlutum svo sem: bandsagir, hjólsagir bæði fyrir tré og járn, fræsarar, heflar, brýnsluvélar og bútsagir, einnig stingsagir, klippur, borvélar sem taka yfir 13 mm bor.
  - b) Höggvélar eða vélar með hreyfingu fram og til baka og pressur svo sem: stansar, spónlímingarpressur, kantlímingarpressur og aðrar loft- eða vökvaknúna pressur og ýmis konar plaststeypuvélar, formsteypuvélar, hellusteypuvélar, plastsprautuvélar, sorppressur og fatapressur.
  - c) Vélar með opna valsa og snigla.
  - d) Grjótmulningsvélar, stórar hakkavélar og stórar skilvindur.
  - e) Keðjusagir, kjarsagir og trjáklippur.
  - f) Nagla- og heftibyssur með þyngd heftis eða nagla yfir 0,3 gr.
  - g) Háþrýstítæki til hreingeringa málningahreinsunar, ryðhreinsunar og þess háttar sem starfa með þrýsting yfir 70 bör.
  - h) Sláttuvélar, jarðtætarar og snjóblásarar.
- 2) **Stjórn dráttarvéla og vélknúinna tækja.**  
Um stjórn dráttavéla, farandvinnuvéla og vinnuvéla almennt fer eftir reglum um réttindi til stjórnunar þeirra.
- 3) **Stjórn vélrífina lyftitækja og færibanda.**  
Lyftur aðrar en fólkslyftur, kranar, pallalyftur, vinnulyftur, hengiverkpallar og vindur.
- 4) **Vinna við eftirlit, viðhald og viðgerðir véla og tækja.**  
Smurning, hreinsun, viðgerðir og önnur vinna við hreyfla, vélar og tæki sem eru í gangi þar sem hreyfanlegir hlutir eru aðgengilegir og geta valdið slysi.
- 5) **Vinna með handverkfæri sem titra (vibra) og hafa styrk sveiflunnar yfir 130 dB.**  
T.d. högghamrar, steypuvibratarar og þess háttar vélar.
- 6) **Hætta á háspennuraflosti.**  
Vinna nærri háspennuvirkjum eða línum sem hefur í för með sér hættu á rafmagnslosti.
- 7) **Suða og brennsla.**  
Ljósbogasuða, logsuða og logskurður.

## VIÐAUKI 1B

**Listi yfir vélar og tæki sem 16 og 17 ára unglingar mega vinna með.  
Um er ræða undanþágu frá lista í viðauka 1A.**

1. Dráttarvélar, sem eru beintengdar vögnum eða tækjum án drifskafa, enda sé viðkomandi með réttindi til að aka dráttarvél.
2. Lyftarar sem ekki eru vélknúinir.
3. Garðsláttuvélar.
4. Bandslípivélar og heftibyssur með þyngd heftis yfir 0,3 gr.
5. Bónvélar.
6. Vinna með háþrýstítæki með styrk þrýstings allt að 150 bör (15 Mpa).

7. Flokkunarvélar og þvottavélar t.d. fyrir kartöflur notaðar við bústörf.
8. Vinna með stingsög.
9. Vinna með léttu rafmagnshögghamra mest 30 mínútur á dag sem hafa styrk sveiflunnar yfir 130 dB.

#### VIÐAUKI 1C

### Listi yfir vélar og tæki sem 15 ára og eldri mega vinna með hjá fjölskyldufyrirtækjum.

1. Dráttarvélar sem eru beintengdar vögnum eða tækjum án drifskafts.
2. Garðsláttuvélar á hjólum með haldrofa þar sem stjórnandinn gengur á eftir vélinni.
3. Garðsláttuvél með sæti fyrir stjórnandann. Vélin skal útbúin þannig að hreyfillinn stöðvast ef stjórnandinn fer úr stjórnsætinu.

#### VIÐAUKI 2

### Listi yfir efni sem ungmenni undir 18 ára mega ekki vinna með. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

- 1) Efni sem í reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, eru merkt:
  - a. Sterkt eitur (Tx).
  - b. Eitur (T)
  - c. Ætandi (C)
  - d. Sprengifimt (E)Einnig efni sem eru merkt með :
  - e. H 39 Hætta á varanlegu, alvarlegu heilsutjóni.
  - f. H 45 Krabbameinsvaldandi efni.
  - g. H 46 Geta valdið arfgengum skaða.
  - h. H 60 Getur dregið úr frjósemi.
  - j. H 61 Geta skaðað fóstur.
- 2) Efni sem nefnd eru í reglugerð nr. 236/1990 og merkt með hættumerkinu Xn heilsuspillandi og eru merkt þannig:
  - a. H 40 Getur valdið varanlegu heilsutjóni.
  - b. H 42 Getur valdið ofnæmi við innöndun.
  - c. H 48 Hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi notkun.
  - d. H 62 Getur hugsanlega dregið úr frjósemi.
  - e. H 63 Getur hugsanlega skaðað fóstur.
- 3) Efni sem eru í reglugerð nr. 236/1990 og eru merkt með hættumerkinu Xi staðbundin erting og einnig efni merkt H 43 geta valdið ofnæmi við snertingu við húð.
- 4) Efni sem nefnd eru í reglugerð nr. 236/1990 og flokkast undir H 12 afar eldfimt.
- 5) Efni sem í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun teljast vera krabbameinsvaldandi.
- 6) Efni sem innihalda 0,1% af efnum sem nefnd eru í tölulið 5 hér á undan.
- 7) Flokkur 3 í reglum nr. 554/1996 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

## VIÐAUKI 3

**Störf sem geta valdið heilsutjóni og ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.**

- 1) Vinna sem ætla má að sé ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra:
  - a. Einstaklingsbundin ákvæðisvinna þar sem vinnuhraði ákvarðast af vélbúnaði.
  - b. Forðast skal að láta ungmenni lyfta þyngri byrði en 12 kg. Ef aðstæður eru slæmar með tilliti til líkamsbeitingar getur það leitt til þess að hámarksþyngd verði lægri sbr. viðauka I og II í reglum um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar, nr. 499/1994. Ef vinnuaðstæður eru mjög góðar má gera undantekningar frá hámarksþyngd. Ekki má láta ungmenni lyfta þyngri byrði en 25 kg.
  - c. Vinna í sláturhúsum við aflfun dýra og aðgerð.
- 2) Vinna sem ætla má að valdi varanlegu heilsutjóni:
  - a. Þar sem hætta er á skaðlegri geislun svo sem jónandi geislun.
  - b. Þar sem hætta er á súrefnisskortri.
  - c. Við háan loftþrýsting, t.d. í háprýstiklefum eða við köfun.
  - d. Við störf sem felast í meðhöndlun búnaðar til framleiðslu, geymslu eða notkunar á þjöppuðum, fljótandi eða uppleystum lofttegundum.
- 3) Vinna þar sem fyrir hendi er slyshætta sem gera má ráð fyrir að börn og unglingar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun:
  - a. Vinna sem felur í sér hættu á háspennustraumi.
  - b. Vinna með villt eða skaðvænleg dýr. Heimilt er að aðstoða við vinnu fullorðins hæfs einstaklings með ótamin húsdýr og skal hann vernda viðkomandi gegn slyshættu og gæta ýtrasta öryggis við framkvæmd vinnunnar.
  - c. Vinna þar sem hætta er á hruni eða að bakkar eða annað samsvarandi falli saman.
- 4) Vinna sem felur í sér hættu fyrir heilsu þeirra vegna óvenju mikils kulda, hita, hávaða eða titrings.
- 5) Vinna við framleiðslu og meðhöndlun skotelda eða annarra hluta sem innihalda sprengiefni.
- 6) Vinna við tanka, keröld, geyma eða flöskur sem innihalda efnafræðilega skaðvalda eins og um getur í viðauka 2A.

## VIÐAUKI 4

**Listi yfir störf af léttara tagi sem 13 og 14 ára eða eldri mega vinna.**

Ætíð skal þess gætt að vinnuaðstæður barna séu eins og best verður á kosið, m.a. með tilliti til líkamsbeitingar og að börn séu ekki í nálægð við vélar eða hættuleg efni. Gæta skal þess sérstaklega að raska ekki skólasókn barna. Forðast skal að láta börn lyfta þyngri byrði en 8 -10 kg háð vinnuaðstæðum, sbr. viðauka 3, lið 1b. Þó má gera undantekningar á þessu þar sem viðeigandi hjálparbúnaður er notaður, t.d. hjólavagnar eða léttar hjólbörur og vinna skipulögð þannig að burður sé í lágmarki. Upptalning er ekki tæmandi:

1. Létt fóðrun, hirðing og gæsla dýra.
2. Hreinsun illgresis, gróðursetning, hreinsun gróðurbeða, gróðurvinnu, rakstur eftir slátt og önnur sambærileg létt garðavinna.
3. Vinna í skólagörðum undir umsjón kennara.
4. Létt uppskerustörf án véla.
5. Vinna við blóm og grænmeti t.d. í gróðurhúsum.

6. Hreinsa, sópa og tína rusl.
7. Létt fiskvinnslustörf, t.d. létt röðun eða flokkun án véla.
8. Létt störf í sérverslunum og stórmörkuðum, m.a. að verðmerkja vörur. Undanskilin er vinna við greiðslukassa.
9. Móttaka á léttum vörum, pökkun, flokkun og röðun. Létt handavinna svo sem innpökkun á léttum vörum og fægja eða pússa.
10. Minni háttar hreingerningar og leggja á borð. Flokkun og merking þvottar.
11. Létt handavinna við samsetningu, þó ekki lóðning, suða og vinna með hættuleg efni.
12. Málningarvinna og fúavörn með umhverfisvænum efnum þó ekki sprautumálun.
13. Létt sendisveinastörf, t.d. með dagblöð og auglýsingar. Sala dagblaða, blað- og póstburður.
14. Létt skrifstofustörf.

## VIÐAUKI 5 A

**Dæmi um störf í vinnuskólum sem 15 ára og eldri mega vinna undir leiðsögn leiðbeinanda.**

1. Sláttur í görðum með vélknúinni handsláttuvél með haldrofa. Nota skal öryggisskó, heyrnarhlífar og andlitshlíf.
2. Sláttur með vélorfi í görðum. Nota skal öryggisskó, heyrnarhlífar og andlitshlíf.
3. Dreifing tilbúins áburðar með handafli.
4. Burður húsdýraáburðar að plöntum.
5. Aðstoð á gæsluvöllum og í skólagörðum.

## VIÐAUKI 5 B

**Dæmi um störf í vinnuskólum sem 16 ára og eldri mega vinna undir leiðsögn leiðbeinanda.**

1. Sláttur á opnum svæðum með vélknúinni handsláttuvél með haldrofa. Nota skal öryggisskó, heyrnarhlífar og andlitshlíf.
2. Sláttur á opnum svæðum með vélorfi. Nota skal öryggisskó, heyrnarhlífar og andlitshlíf.

## GJALDSKRÁ

### Rafmagnsveitna ríkisins.

#### I. SMÁSALA.

##### *Gjaldskrárliðir.*

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald .....	7,03 kr/kWh
Fastagjald F.1 .....	4.130,00 kr/ári